




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Vinagerði

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Þróunarverkefni Réttindaskóli UNICEF.....	5
3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	6
4 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	8
5 Innra mat Drekagerðis 2023-2024.....	11
6 Innra mat Álfagerðis 2023-2024.....	13
7 Innra mat Tröllagerðis 2023-2024	16
8 Innra mat sérkennslu.....	19
5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	22
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	24
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	25
8 Foreldrasamvinna	26
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	27
10 Fylgiskjöl	29
10.1 Umsögn foreldraráðs.....	29





Leiðarljós leikskólans

Gleði – gerum hvern dag að degi gleðinnar

Hvatning – hrós, viðurkenning og traust

Nærgætni – umhyggja, virðing og samkennd

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið byrjaði vel og aðlögun á börnum gekk mjög vel á öllum deildum. Við náðum fleiri systkinum inn með nýju innrituninni. Við fórum inn í haustið að mestu með sama starfsmannahóp og hafði verið árið áður. Ein fór í fæðingarorlof og sérkennsla jókst. Samstarf milli deilda var mikið og sérstaklega á neðri hæðinni þar sem yngsta og miðdeildin eru staðsettar. Starfsmannakönnunin kom mjög vel út og er starfsánægja mikil og fólki líður vel í Vinagerði. Við finnum það að fólki finnst við vinna meira sem ein heild og kemur Þróunarverkefnið um réttindaskólann þar mest við sögu.

Við fengum mikið af heimsóknum frá öðrum leikskólum bæði innlendum og erlendis frá. Um haustið vorum við með nema frá Þýskalandi í 3 vikur. Það samstarf varð til út frá ferð okkar fjögurra stjórnenda til Bologna vorið 2022. Við eigum von á fleiri nemum haustið 2024. Þetta samstarf gefur okkur mikið og erum við nú þegar komin með boð um að koma í heimsókn til Þýskalands á Erasmus styrk í boði þeirra.

Breytingar urðu hjá Víkingi íþróttafélagi en meiri áherslur voru lagðar í eldri borgara þetta skólaárið. Tímarnir sem okkur voru úthlutaðir hentaði ekki okkar starfi svo við hættum fljótlega um haustið.

Farið var reglulega með börnin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn bæði á námskeið og til að leika og njóta. Samstarfið við Grasagarðinn hélt áfram en ekki var hægt að gróðursetja túlípana eins og áður þar sem moldin er sýkt og verður næstu 3 – 4 árin. Við tókum þátt í Sáum, sjáum og smökkum með Norræna húsinu og Grasagarðinum og notum Bambahúsið okkar eins og hægt er. Börnin ákváðu sjálf með kosningu að taka ekki þátt í Barnamenningarhátíð í Hörpu en völdu að taka þá í Framtíðarblóminu sem var sett upp í Grasagarðinum og var hluti af Barnamenningarhátíð.

Við vorum í góðu samstarfi við foreldra og hvöttum til samvinnu með verkefnin. Gerðir voru sögupokar og börnin nutu þess að vinna með sögurnar og dýpka skilning sinn og áhuga. Raddir barnanna höfðu mikið um það að segja hvað var unnið með og hversu lengi við vorum í sama verkefni.

Gott foreldrasamstarf er í Vinagerði og foreldrar mjög ánægðir. Fréttir eru sendar út einu sinni í viku á öllum deildum þar sem foreldrar geta skoðað myndir og farið yfir líðandi viku með börnum sínum.





Eins er [Instagram síðan](#) okkar alltaf að stækka og erum við með nokkuð marga fylgjendur.

Foreldrafélagið er öflugt og stendur fyrir nokkrum viðburðum á ári. Í vor var farin sveitaferð utan leikskólatíma í annað sinn og tókst mjög vel.

Við þurfum ekki að ráða marga nýja inn til okkar í haust og er hópurinn þéttur og metnaðarfullur sem starfar í Vinagerði.

Þróunarverkefni um réttindi barna í leikskólum.

Þegar við sóttum um menntastefnustyrkinn A-hluta ákváðum við að nýta hann að þessu sinni í þróunarverkefnið okkar um réttindi barna í leikskólum þar sem B styrkurinn var felldur niður um áramót. Við hyggjumst nýta hann í að kaupa búnað sem börnin óska eftir meðal annars.

Þróunarverkefnið okkar Réttindaskólar UNICEF hélt áfram og erum við þar í samstarfi með UNICEF, Menntavísindasviði HÍ, SFS og 4 öðrum leikskólum. Það eru leikskólarnir Gullborg, Laugasól, Ungbarnaleikskólinn við Bríetartún og Ævintýraborg við Eggertsgötu.

Starfið í vetur hefur að mestu gengið út á að byggja upp með börnunum áframhaldandi lýðræðislegt umhverfi. Starfsmenn hafa fengið mikla fræðslu og verkfæri í hendurnar til að vera færir í að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt starf leikskólans. Tilgangurinn með því er að valdefla börnin, hlusta á hugmyndir þeirra og sjónarmið og um leið að stuðla að því að þau verði raunverulegir áhrifavaldar í leikskólanum. Þetta verkefni hefur breytt starfinu mikið í Vinagerði og kemur að öllum þáttum starfsins. Börnin eru meðvitaðri um réttindi sín og eru örugg að tjá skoðanir sínar og væntingar til námsins. Við kynntum þróunarverkefnið með stafrænni fræðslu á Menntastefnumóti nú í maí ásamt Menntavísindasviði og UNICEF. Einnig tókum við þátt í sýningu fyrir leikskólana í hverfinu sama dag.

Á sumarhátíð skólans í byrjun júní fengum við afhenta viðkenningu sem Réttindaleikskóli og flöggum fánanum stolt.

Á næsta ári verður aðaláherslan á áframhaldandi starf í anda Reggio Emilia og í verkefninu okkar sem Réttindaskóli. Þar fléttast inn í allir þættir menntastefnunnar en hún byggir á grunngildum Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Við lítum á barnið sem virkan einstakling í eigin námi og horft er til þess að börn eigi að hafa rödd þegar kemur að skipulagi og áherslum leikskólans. Leikurinn er aðal námsleið barnanna og við berum virðingu fyrir því.





Ný námskrá verður gefin út næsta vetur en þangað til er aðalnámská leikskóla okkar helsta vinnuþlagg sem stuðningur við starfsáætlun. Verið er að vinna að læsisáætlun með nokkrum leikskólum sem tilheyra Norðurmiðstöð og verður hún vonandi tilbúin fljótlega í haust.

Mig langar að þakka öllum starfsmönnum, foreldrum og samstarfsaðilum fyrir frábært og gefandi samstarf.

Harpa Ingvadóttir

Leikskólastjóri

2 Þróunarverkefni Réttindaskóli UNICEF

Leikskólinn Vinagerði starfar í anda Reggio Emilia. Sú kennslufræði byggir á virkri þátttöku barna og er lögð mikil áhersla á rétt barnsins til að vera einstakt. Þau koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku í skóladaglegu starfi.

Haustið 2022 byrjuðum við í þróunarverkefninu Réttindaskólar UNICEF ásamt 4 öðrum leikskólum (Gullborg, Laugasól, Ungbarnaleikskólinn við Bríetartún, Ævintýraborg við Eggertsgötu), Menntavísindasvið HÍ, SFS og UNICEF. Réttindaskólar UNICEF leggja áherslu á að byggja upp með börnunum lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa þeim að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Starfsmenn leikskólanna fengu fræðslu og verkfæri í hendurnar til að vera færir í að innleiða starfshætti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt starf leikskólans.

Um er að ræða þriggja ára verkefni sem felst í kynningu á réttindum barna, þátttöku og áhrifamætti. Þetta verkefni hefur breytt starfinu mikið í Vinagerði.

Öðru árinu er nú lokið og við orðin Réttindaskóli en starfið heldur áfram og næsta vetur verður mat á verkefninu og eftirfylgni með því.





3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Lýðræði
Hvernig fór matið fram?	Viðtöl við börnin. Stöðumat frá UNICEF. Reglulegir fundir með samstarfsskólunum, HÍ, SFS og UNICEF.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk, börn og foreldrar.
Helstu niðurstöður mats	Starfsfólk er orðið öruggara en í byrjun verkefnisins og þekkingin orðin mikil á Barnasáttmálanum og hvernig hægt er að tengja hann inn í starfið. Börn eru meðvituð um að þau hafa mikið um starfið að segja eins og dagskipulag og verkefni. Börnin á elstu deild velja sér sæti í hádegismatnum og kennarastóllinn er ekki alltaf á sama stað. Hugmyndir barnanna eru framkvæmdar eins og lögguverkefnið, hugmyndakassinn og kosningar.
Hvað var metið?	Umhverfislæsi
Hvernig fór matið fram?	Deildarfundir og starfsmannafundir á skipulagsdögum. Í samverustund með börnunum og foreldarviðtölum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk, börn og foreldrar.
Helstu niðurstöður mats	Á yngstu deildinni var lögð mikil áhersla á tilfinningalæsi og félagslæsi, að börnin þekki mörk sín og annarra. Á öllum deildum var unnið með ævintýrasögur og foreldrar upplýstir um hvaða bók var verið að vinna með hverju sinni. Í foreldraviðtölum töluðu foreldrar um áhuga barnanna og að börnin vildu lesa sömu sögu heima. Á öllum deildum var unnið með náttúrulæsi. Börnin fengu að rækta grænmeti og plöntur sem sumir tóku með heim en annað fór í gróðurhúsið okkar.
Hvað var metið?	Félagsfærni – sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu
Hvernig fór matið fram?	Deildarfundir og starfsmannafundir á skipulagsdögum. Í samverustund með börnunum og foreldarviðtölum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk, börn og foreldrar.
Helstu niðurstöður mats	Starfsfólk er orðið öruggara en í byrjun verkefnisins og þekkingin orðin mikil á Barnasáttmálanum og hvernig hægt er að tengja hann inn í starfið. Börn





	eru meðvituð um að þau hafa mikið um starfið að segja eins og dagskipulag og verkefni. Börnin á elstu deild velja sér sæti í hádegismatnum og kennarastóllinn er ekki alltaf á sama stað. Hugmyndir barnanna eru framkvæmdar eins og lögguverkefnið, hugmyndakassinn og kosningar.
--	--

Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttá.
Hvernig fór matið fram?	Í mars fór fram viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar. Í ár framkvæmdi Gallup könnunina og vann úr henni.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn tóku þátt í könnuninni.
Helstu niðurstöður mats	Þessar niðurstöður nýtast til að bæta mannauðsmál í leikskólanum. Könnunin kom vel út og er leikskólinn yfir meðalskori á flestum sviðum. Starfsfólki líður vel og er stolt af Vinagerði. Starfsfólk ber traust til yfirmanna sinna og finnst það fá hvatningu í starfi. Starfsandinn er góður og samskiptin opin og hispurslaus. Lægstu einkunnirnar sneru að launakjörum og starfsaðstæðum.
Hvað var metið?	Þekking starfsfólksins á Barnasáttmálanum.
Hvernig fór matið fram?	Rafræn könnun sem hver og ein deild svaraði í sameiningu.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn tóku þátt í könnuninni.
Helstu niðurstöður mats	Þekking okkar er góð. Við höfum kynnt Barnasáttmálann fyrir börnunum og notum hann í daglegu starfi. Börnin hafa áhrif allt frá deildarskipulagi til leiks alla daga vikunnar.
Hvað var metið?	Viðtöl á vegum HÍ um Barnasáttmálann.
Hvernig fór matið fram?	Rýnihópaviðtal tekið í skólanum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólkið sem leiðir verkefnið innan skólans.
Helstu niðurstöður mats	Í viðtalinu fengum við tækifæri til að ígrunda starfið. Segja frá okkar væntingum og fengum góðan stuðning frá fagfólki.





4 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Umbótaþáttur/matsþáttur	Stjórnun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Nýta mannauðinn sem best og nýta styrkleika hvers og eins.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera duglegri að deila ábyrgð á starfsfólki og fá alla til að taka þátt.
Ábyrgð	Leikskólastjórar og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024.
Hvenær og hvernig á að meta?	Metið hvernig gengur á skipulagsdögum og starfsmannafundum.
Viðmið um árangur-	Fólk nýtur sín betur í starfi og finnur til ábyrgðar. Betri samvinna og betri andi. Fólk verður öruggara í starfi og sjálfstæðara.
Umbótaþáttur/matsþáttur	Námsskrá
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Ný námsskrá gefin út næsta vetur.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gera nýja námsskrá með virkri þátttöku starfsfólks, barnanna og foreldra.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarstjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – jan.2025.
Hvenær og hvernig á að meta?	Gera námsskrá sem gagnast í starfinu og hugmyndafræði sem leikskólinn starfar eftir.
Viðmið um árangur	Betra starf og auðveldara fyrir alla að tileinka sér áherslur leikskólans og um leið upplýsandi fyrir foreldra.
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis- og menntastarf
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram að gera Reggio Emilia sýnilegra í starfinu og vinna með Barnasáttmálann. Að sjálfsprottinn leikur er námsleið ungra barna og skal því vera meginnámsleið í leikskóla.





Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með áframhaldandi fræðslu og stuðningi. Endurmenntun t.d. Menntafléttan og Torgið. Að starfsfólk sé meðvitað um hvað hlutverk þeirra snýst um í leik og eru virkar þátttakendur.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – Vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta?	Á skipulagsdögum og starfsmannafundum.
Viðmið um árangur	Hugmyndafræðin sem við lítum til verður sýnilegri og allt starfsfólk veit út á hvað hún gengur. Börnin fá meiri gæði í námi sínu frá öllum.
Umbótapáttur/matspáttur	Mannauður/Leikskólabragur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk fái meiri leiðsögn í innleiðingu Reggio Emilia og Barnasáttmálans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með frekari fræðslu og að dreifa ábyrgð.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – Vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta?	Starfspróunar samtöl og viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar.
Viðmið um árangur	Meiri ánægja meðal starfsfólks og betra starf. Hópurinn verður meiri heild og vinnur betur saman. Qlick Sence mælisvæði leikskólans.
Umbótapáttur/matspáttur	Mannauður/ Réttindaskólar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Tengja Hringrásarverkefnið við Barnasáttmálann og aukinni þátttöku barna. Halda áfram að fá hugmyndir frá börnunum og nota hugmyndakassana meira. Halda áfram að innleiða hvíldarstefnuna og kynna fyrir foreldrum. Eins þarf að fá foreldra meira að verkefninu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þekking á Barnasáttmálanum er mismunandi milli starfsfólks. Þarf að fá meiri fræðslu inn í hópinn. Fræða foreldra um verkefnið á deildarkynningu að hausti og í vikupóstum.





Ábyrgð	Stjórnendateymið og starfsfólk með mesta áhuga á lýðræði og Barnasáttmálanum.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 - Vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta?	Reglulega á starfsmannafundum. Starfsfólk af öllum deildum hittist og deilir hugmyndum og talar um starfið. Hafa sameiginlega fundi með öðrum leikskólum þar sem hægt er að ræða málin og fá innblástur og stuðning. Stöðumat frá UNICEF. Foreldraviðtöl, fá inn skoðun foreldra.
Viðmið um árangur	Betri samfella í starfinu. Öryggi starfsfólks er meira og allir vinna sem ein heild. Ávinningur fyrir börn í leikskólanum er að starfshættir taki mið af Barnasáttmálanum og að börnin fái tækifæri til að vera sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun.





5 Innra mat Drekkagerðis 2023-2024

Lýðræði:

Við höfum viðhaldið og aukið þátttöku barnanna í ákvarðanatöku. Höfum fjölgað kosningum um fjölbreytt mál og hópákvæðanir í gegnum kosningar eru sterkt leiðarminni í öllu starfi. Frjáls leikur á móti rólegri stund eftir mat, útskriftarferð, Barnamenningarhátíð, útiveran. Ákvarðanaréttur barnanna er mikill í daglegu starfi (stöðvar og það sem þau gera á daginn). Vinnu með deildarsáttmála í samverustundum er ábótavant og má auka. Viljum stofna nemendaráð og gefa börnum tækifæri til að læra að hafa forystu í hópi.

Félagsfærni, sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu

Við höfum ekki innleitt breytingar á hlutverki barns vikunnar. Við kennum samræðutækni og virðingu fyrir því þegar aðrir hafa orðið og þolinmæði fyrir því að þurfa að bíða eftir að fá orðið. (Nú er orðið laust, börn rétta upp hönd til að fá orðið, nú er einhver með orðið, nú er orðið ekki laust og svo frv.). Við tölum mikið um að börn skuli bera virðingu fyrir umhverfi sínu, aðstæðum og hvoru öðru. Sjáum þó lítinn árangur í samskiptum barnanna sín á milli og í samskiptum barnanna við umhverfi sitt. Skólahópur virðist hafa náð betri tókum á þessum atriðum en Mánahópur (yngri hópur). Lífsgildi bækur að vinna eftir þær.

Umhverfislæsi

Virðing fyrir umhverfi, náttúru og hverju öðru. Að vera góð hvort við annað. Við útskýrum oft fyrir börnunum af hverju er ekki gott að skemma trén en það er af því að tré gefa okkur súrefni. Hringferð ársins var notuð en hefði mátt nota enn meira. Við reyndum að tengja árstíðirnar við þema mánaðarins og þá lærðu börnin t.d. um norðurljósín, farfugla og íslenskar hefðir eins og t.d. réttir og íslenskra jólasveinar. Bækurnar úr Lífsgildi pakkanum hafa verið mikið notaðar en með þeim var hægt að kenna og læra um virðingu, öryggi, samvinnu o.s.frv.

Drekkagerði/4-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	LÝÐRÆÐI
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skapa lýðræðislegt samfélag innan skólans, að börn og starfsfólk kynnist grundvallar reglum Barnasáttmálans (gr. 2, 3, 6, og 12) og fylgi þeim. Réttindaráð.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Allir kynni sér Barnasáttmálann og byrji að vinna með deildarsáttmála í samverustund og nota kosningakassann.





	<p>Nota samræðuaðferð, félagsfærnisögur og vináttuverkefnið.</p> <p>Barn vikunnar.</p> <p>Kosningar og samskipti við börnin. Fræðsla fyrir foreldra í gegnum vikupóstana.</p>
Ábyrgð	Allir starfsmenn og deildastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – lýkur ekki.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	<p>Viðtöl við börn, stöðumat frá UNICEF</p> <p>Hafa reglulega fundi og taka stöðuna.</p> <p>Á deildafundum símat. Endurmat að vori.</p>
Viðmið um árangur	<p>Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná settu markmiði.</p> <p>Að allar deildir hafi virkan og sýnilegan deildarsáttmála.</p> <p>Nýtum kosninga kassana og gerum skráningu út frá því.</p> <p>Bjóða foreldrar að taka þátt.</p> <p>Að börnin hafi frelsi til þess að nýta og njóta réttinda sinna.</p> <p>Að halda áfram að kynna Barnasáttmálann í vikupósti til foreldra.</p> <p>Með símati á deildarfundum og endurmati í lok skólaárs.</p>
Umbótaþáttur/matsþáttur	LÆSI
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	<p>Að vinna í Hringferð ársins. Að vera með hvetjandi námshverfi inn á deild. Að vinna eftir bókunum Lífsgildi til að efla tilfinningarläsi og þekkingu á að vera heilbrigðar manneskjur.</p>
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	<p>Tákn með tali.</p> <p>Málörvunarforrit á spjaldtölvur eins og t.d. Orðagull, Leikur að læra með hljóðin og fleira.</p> <p>Bækurnar – Lífsgildi.</p> <p>Að nýta ritað mál í leik. Að hafa aðgang að tækni til að stuðla að jöfnun tækifæra.</p>
Ábyrgð	Allir starfsmenn og deildastjóri





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – lýkur ekki.
Hvenær og hvernig á að meta?	Stöðumat á deildar-og starfsmannafundum.
Hvaða aðferðir á að nota við matið?	HLÓM-2 fyrir elsta áranginn.
Viðmið um árangur	Að börnin verði öruggari að lesa umhverfi sitt. Að elstu börn fái góðar niðurstöður í HLÓM-2.

6 Innra mat Álfagerðis 2023-2024

Lýðræði

Kosningar - Börnin fá að kjósa um allskonar málefni t.d. útiveru, hvaða bók skal lesa í samverustund, hvaða ávexti eða grænmeti þau fá í kaffitímanum. Þau velja hvort þau leika úti eða inni.

Flæði – Á tímabili var börnunum skipt í þrjá hópa til að kenna þeim að leika á sama stað í 15 mínútur. Nýlega erum við byrjuð að leyfa börnunum að velja á hvaða svæði þau leika sér. Starfsfólk er til staðar og hjálpar börnunum ef þau þurfa aðstoð. Þau taka fullan þátt í leiknum.

Barnasáttmáli - Við kynntum barnasáttmálann fyrir börnunum og þau hafa búið til deildarsáttmála þar sem þau fengu að búa til reglur sem við förum eftir á deildinni okkar. Til dæmis fá þau að ráða hvort þau fara út að leika í garðinum eða fara í göngutúr. Við deildum með foreldrunum í gengum tölvupóst nokkrum Barnasáttmála greinum, þannig geta allir tekið þátt í verkefninu.

Við hlustum á raddir barnanna – Við bjóðum þeim einu sinni á dag að fara á klósettið en eftir það fá þau að ráða sjálf og þurfa því hlusta á líkamann. Við upplýsum foreldra um starf okkar í leikskólanum svo þau geti tekið virkan þátt í starfinu.

Fataherbergi – Þau fá að ráða upp að vissu marki hvernig þau klæða sig. Þau finna sjálf ef þeim verður kalt og fara þá inn og klæða sig betur. Við bendum þeim að sjálfsögðu á hvernig best er að klæða sig.

Félagsfærni

Öll börn Álfagerðis eru hvött til að biðja um aðstoð og fá hrós þegar þeim tekst það. Í Vináttuverkefninu er unnið með að læra að þekkja tilfinningarnar. Barn vikunnar má koma með





bækur daglega og í samverunni, það hefur þá tækifæri til að bjóða börnunum ávexti og segja börnunum af ævintýrum helgarinnar með Lúlla bangsa. Það aðstoðar kennara með ýmisleg verkefni í viku og venjulega njóta börnin þess að fá að hjálpa til. Í matartímum fá börnin að ráða sjálf hvar þau sitja og gera flest sjálf við mataborðið.

Umhverfislæsi

Við erum búin að lesa mikið fyrir börnin og lesum oft sömu bækur svo að börnin þekkja sögurnar vel. Bækur sem við höfum mikið verið að lesa eru t.d. Stígvélaði kötturinn, Litla rauða hænna, músin, haninn og refurinn. Börnin fá að kjósa hvaða bók við lesum í samverustund. Börnin fá að mæta með bækur þegar þau vilja.

Lubbi finnur málbein

Við notum Lubba mjög oft. Við tengjum þetta verkefni við barn vikunnar. Hvert barn hefur tækifæri til að tengja nafn sitt við Lubba við kennum þeim t.d. að þekkja hljóðin sín. Við spyrjum þau hvaða orð byrja á hljóðinu (stafnum) sem við erum að taka fyrir hverju sinni og hafa mörg börn náð ágætum tókum á þessu. Með þessu er aukin áhersla á réttan framburð.

Tónlist

Við erum mikið að vinna með verkefnið „Hringferð ársins“, við ræðum textann og tókum fyrir ákveðin orð. Við syngjum mikið og veljum lag vikunnar, nefnum lagið í vikupósti til foreldra svo þau geti æft sig heima og margir foreldrar taka vel í þetta verkefni og börnin hafa æft sig heima með foreldrum sínum. *Vináttu verkefnið Blær*, við notum Vináttu lög og börnin njóta þess að syngja og dansa með Blæ.

Ævintýrasögur það er mikill áhugi hjá starfsfólki og börnum. Sögupokar eru notaðir.

Geiturnar þrjár: - Börnin voru mjög hrifin af þessari sögu og notuðum við söguna í málörvun inni á deild. Við lesum söguna oft fyrir allan hópinn og notum hluti úr sögunni til að auðvelda okkur að gera lesturinn lifandi og skemmtilegan. Þetta grípur athygli þeirra og fær þau til að skilja betur um hvað sagan fjallar. Börnin eru mjög flink og eru þau byrjuð að segja og leika söguna í sínum leik.





Álfagerði/3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	LÝÐRÆÐI
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skapa lýðræðislegt samfélag innan skólans, að börn og starfsfólk kynnist grundvalla reglum Barnasáttmálans (gr. 2, 3, 6, og 12) og fylgja þeim eftir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að allir kynni sér barnasáttmálann og byrji að vinna með deildarsáttmála í samverustund, nota kosningakassa Nota samræðuaðferð, félagsfærnisögur úr vináttuverkefninu. Barn vikunnar. Kosningar og samskipti við börnin.
Ábyrgð	Allir starfsmenn og deildastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 - Vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Viðtöl við börn, stöðumat frá UNICEF. Hafa reglulega fundi og taka stöðuna. Á deildafundum símat. Endurmat á vori.
Viðmið um árangur	Að allar deildir hafi virkan og sýnilegan deildarsáttmála. Nýtum kosningakassa og gerum skráningu út frá því. Bjóða foreldrar að taka þátt. Að börnin hafi frelsi til þess að nýta og njóta réttinda sinna. Að halda áfram að kynna Barnasáttmálann í Vikupósti til foreldra.
Umbótaþáttur/matsþáttur	LÆSI
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin læri nýjan orðaforða í gegnum samtal og umræður við fullorðinn (sögulestrur, lög, vísur og svo framvegis) Að bjóða hvetjandi umhverfi til læsis.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Félagsfærnisögur, Lubbi, Hringrás ársins, Sögupokar og endurtaka sömu sögur reglulega. 4 sögur yfir árið og endurtaka þær reglulega, lesa fyrir þau í litlum hópum og spyrja börnin út úr textanum, taka ný orð





	<p>og vinna með á fjölbreyttan máta, spila bingó og allskonar borðspil.</p> <p>Málörvun forrit á spjaldtölvum eins og t.d. Orðagull, Leikur að læra með hljóðin og fleiri.</p> <p>Bækurnar – Lífsgildi.</p> <p>Að nýta ritað mál í leik. Að hafa aðgang að tækni til að stuðla að jöfnun tækifæra.</p>
Ábyrgð	Allir starfsmenn og deildastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 - Vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Í samverunni/litlir hópar Fjöltýngdu börnin tóku framförum í málþroska Metið jafnóðum og í lok skólaárs. Metið með deildarfundum og EFI -2 prófi.
Viðmið um árangur	Með símati á deildarfundum og endurmati í lok skólaárs

7 Innra mat Tröllagerðis 2023-2024

Læsi

Okkur gekk vel að vinna með læsi.

Við höfum lagt mikla áherslu á tilfinningalæsi og félagslæsi í vetur. Við höfðum þemavikur þar sem aðaláherslan var tilfinningalæsi og Litaskrímslið svo börnin gætu sett orð á tilfinningar sínar og annarra.

Við lögðum einnig áherslu á stafina okkar og börnin kunna flest stafina sína og sinna nánustu.

Við unnum með umhverfislæsi í gönguferðum og með leik í garðinum. Við skoðum dýr, vélar og margt fleira í nærumhverfi okkar t.d. að bjarga ormum í rigningunni.

Flæði / Frjáls leikur

Flæði hefur gengið vel.





Við unnum með stöðvar inni þar sem börnin gátu valið á milli verkefna og flætt á milli. Þegar við höfum stöðvar er einnig val um að vera í frjálsum leik. Við höfum verið með flæði í morgunmat en bættum við flæði í kaffitíma og hefur það gengið mjög vel.

Í útiveru er mikið um frjálsan leik en við nýtum einnig hvert tækifæri til leiks í daglegu starfi.

Lýðræði / Barnasáttmáli

Það hefur gengið vonum framár að vinna með barnasáttmálann hér á Tröllagerði. Börnin voru/eru mjög áhugasöm um lýðræði og réttindi sín. Við byrjuðum verkefnið á því að gera réttindatré í samverustund og kynna réttindi fyrir börnunum.

Við gerðum deildarsáttmála sem hefur reynst vel. Börnin tóku virkan þátt í gerð hans og skoða hann reglulega. Hann hangir í þeirra hæð í samverukrók og við vitnum reglulega í hann.

Við höfum æft okkur að kjósa, í byrjun með því að rétta upp hönd til að velja lag en það hefur þróast út í að kjósa um verkefni dagsins, bækur sem á að lesa og hvaða fót börnin vilja fara í t.d. að velja hvora húfuna þau vilja.

Barnasáttmállinn hangir uppi á vegg hjá okkur í hæð barnanna og þau sækja í að skoða hann, ræða um hann og spyrja spurninga.

Tröllagerði/18 mán.-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	LÝÐRÆÐI
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skapa lýðræðislegt samfélag innan skólans, að börn og starfsfólk kynnist grundvallarreglum Barnasáttmálans (gr. 2, 3, 6, og 12) og fylgi þeim eftir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kosningar í samverustundum, hvaða bók á að lesa, velja verkefni dagsins. Hlusta á raddir barnanna. Deildarsáttmáli Val um inni eða útiveru. Fræðslu um lýðræði t.d. frá UNICEF.
Ábyrgð	Allir starfsmenn og deildastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 - Vor 2025.





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Viðtöl við börn, stöðumat frá UNICEF. Hafa reglulega fundi og taka stöðuna. Á deildafundum símat. Endurmat á vori.
Viðmið um árangur	Að börnin læri um lýðræði. Að börnin kunni að setja mörk og virða mörk annarra.
Umbótaþáttur/matsþáttur	LÆSI
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla umhverfis og tilfinningalæsi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda áfram með tilfinningaverkefnið Litaskrímslið. Skoða umhverfi okkar – umhverfisbingó. Skoða form og stafi í umhverfinu. Tákn með tali og lag vikunnar með táknum. Hringferð ársins.
Ábyrgð	Allir starfsmenn og deildastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 - Vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Með deildarfundum og stöðumati.
Viðmið um árangur	Að börnin geti lesið í umhverfi sitt t.d. veður, hvernig á að klæða sig o.fl.. Að börnin þekki og skilji tilfinningar sínar og annarra.





8 Innra mat sérkennslu

Sérkennslan hefur gengið vel á árinu sem er að líða. Við vorum 1 barn í 1. flokki með stuðning allt árið og svo bættist annað barn við í mars í 1. flokki. Við erum með skráð 10 börn í snemmtæka íhlutun en þurfum að fjölga í þeim hóp. Ráðgjöf frá Norðurmiðstöð hefur verið mjög aðgengileg og gagnleg. Með tilkomu Lausnateymis hefur aðkoma deildarstjóra aukist og aðkoma þeirra að málum barnanna meiri. Eitt af markmiðum okkar fyrir skólaárið var einmitt að auka samráð milli deilda og sérkennslu.

Sérkennslustjórar 6 leikskóla í hverfinu hafa hist á handleiðslufundum einu sinni í mánuði síðastliðið skólaár. Handleiðslufundirnir hafa verið mjög gagnlegir og það er mikill stuðningur í því að hitta aðra sem vinna sama starf og fá ráðleggingar og skiptast á verkfærum.

Markmiðin sem við settum okkur í umbótaáætlun síðasta árs komu aðallega inn á meiri og betri samskipti milli bæði utanaðkomandi ráðgjafa og á milli sérkennara og deildarstarfsmanna. Við teljum að þeim markmiðum hafi verið náð. Með aðkomu lausnateymis virkjast allir aðilar sem koma að máli viðkomandi barns. Við erum alltaf að reyna að bæta okkur og hafa meiri reglu í samráðsfundum innan sérkennslunnar það er eitthvað sem við munum halda áfram að vinna í.

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslan var einstaklingsmiðuð og tekið tillit til þarfa hvers og eins. Börnin fóru í einstaklingsþjálfun inni í vinnuherbergi þar sem t.d. innlögn á nýjum verkefnum fór fram t.d. hljóðakeðjur og atferlisþjálfun og börnin fengu hvíld frá áreitinu inni á deild. Félagsfærniþjálfun og leikþjálfun fór aðallega fram inni á deild en líka í smærri hópum inn í vinnuherbergi. Menntun án aðgreiningar hefur verið ofarlega í hugum okkar og alltaf passað að börnin taki þátt í verkefnum og ferðum deildarinnar.</p> <p>Börnin erum með einstaklingsáætlun þar sem markmið næstu vikna eru listuð. Þegar markmið nást er nýjum bætt við og merkt við að ákveðinni færni sé náð. Einstaklingsnámskráin byggir meðal annars á niðurstöðum AEPS spurningarlistanna. Á reglulegum teymisfundum með foreldrum og ráðgjöfum frá Norðurmiðstöð eru markmiðin rædd og hvað er mikilvægast hverju sinni fyrir börnin. Niðurstöður frá utanaðkomandi greiningaraðilum eru einnig lögð til grundvallar.</p>
---	---





<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Við notuðumst við VB-mapp aðallega fyrri hluta skólaárs en færðum okkur meira yfir í AEPS. Önnur gögn sem voru notuð voru TRAS, Efi-2, Hljóm-2, Ofvirknivarðinn, Íslenski þroskalistinn og Orðaskil.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Félagsfærnisögur, teeach verkefnabókin, bækur og púsl, bingó, spilnámsefni í málörvun frá námsgagnastofnun. Málörvunarkassar frá Super Duper, Orðagull. Hljóðefni t.d. frá Spotify, Storytell og Youtube. Við nýttum okkur líka vefsíður eins og fjölbreyttkennsla.is og málörvun.com.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Umbótapáttur/matspáttur	Sýnileiki
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda á lofti einstökum dögum t.d. dagur einhverfunnar og Downs deginum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla fyrir börnin um fjölbreytileikann og að við erum ekki öll eins.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2024 – Vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Fundagerðir á öllum fundum.
Viðmið um árangur	Meiri starfsánægja og öryggi í hópnum.
Umbótapáttur/matspáttur	Samráðsfundur sérkennslustjóra og sérkennara
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Festa niður fundi 1x í mánuði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Miðla upplýsingum milli sérkennara.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2024 – Vor 2025





Hvenær og hvernig á að meta?	Fundir skráðir og fundagerð á hverjum fundi.
Hvaða aðferðir á að nota við matið	
Viðmið um árangur	Meiri starfsánægja og öryggi í hópnum.





5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Á liðnu skólaári voru 24 fjöltyngd börn í leikskólanum, 11 börn með báða foreldra af erlendum uppruna og 13 börn með annað foreldrið af erlendum uppruna. Unnið er á öllum deildum með orðaforða og er málörvun stór þáttur í starfinu. Mikið er lesið, sungið og orð notuð með athöfnum. Unnið var með „Gefðu 10“ á öllum deildum.

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagnið hefur verið notað til að auka starfsmannahlutfall á deildum með málörvun tvítyngdra barna að leiðarljósi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Lögð er áhersla á að nota „Orð með athöfn“ „Gefðu 10“ og „Tákn með tali“. Lesið er fyrir börnin daglega bæði í hópum og einstaklingslega. Aðgengi að bókum er gott á öllum deildum. Sungið er daglega með börnunum.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Farið er í gegnum texta bóka og rætt um orð sem er eru ný fyrir börnunum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fylgst er með framförum barnanna og gripið inn í þegar vart verður við að börnin fylgi ekki jafnöldrum eða hafa staðnað í framförum. Staða allra barna var skoðaður með EFI og TRAS.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Horft er á styrkleika og áhuga hvers barns og unnið út frá því. „Gefðu 10“ er notað með öllum börnum. Börnin eru hvött til að nota ritmál t.d. að skrifa nafnið sitt.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Umbótapáttur/matspáttur	Samskipti við foreldra tvítyngdra barna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka upplýsingaflæði milli heimilis og skóla.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota eyðublaðið „Tvítyngt barn, bakgrunnsupplýsingar“.





	Bæta eyðublaðinu við fyrstu upplýsingar til og frá foreldrum í upphafi aðlögunar. Að þýða orðsendingar frá leikskólanum. Að tilkynningar og upplýsingar til foreldra séu á fleiri málum en íslensku.
Ábyrgð	Deildarstjóri og skólastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – Vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við	Foreldraviðtöl að hausti og vori.
Viðmið um árangur	Ánægja foreldra og jákvæð samskipti.
Umbótapáttur/matspáttur	Auka málörvun tvítyngdra barna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markviss málörvun. Innleiða tákni með tali fyrir öll börn og starfsfólk.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Mynda litla leshópa (2-4 börn). Skipta lesefni út frá málþroska barna. Spila orðabingó, myndrænt dagskipulag og námsumhverfi. Nota orð í öllum samskiptum í hádegismat, í fataherbergi og í leik.
Ábyrgð	Deildarstjóri og skólastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – Vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Hæfniramminn.
Viðmið um árangur	Aukinn orðaforði og aukinn málskilningur.
Umbótapáttur/matspáttur	Staða barna í íslensku
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fylgjast betur með íslensku barna og málþroska þeirra. Hvernig er barnið stítt í sínu eigin móðurmáli.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota hæfniramma fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Nota TRAS.
Ábyrgð	Deildarstjóri og skólastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024 – Vor 2025.





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	TRAS, EFI og Hljóm-2 með elstu börnunum. Hæfniramminn.
Viðmið um árangur	Að börnin læri fyrr að læra íslensku og hún nýtist þeim í námi og leik með öðrum börnum.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl og maí. Þau gengu mjög vel og er starfsánægja góð þó borið hafi á þreytu í starfsmannahópnum. Flestir verða áfram í Vinagerði á næsta skólaári. Gott aðgengi er að stjórnendum allt árið um kring og lagt upp úr góðum samskiptum. Deildarfundir eru aðra hverja viku í klukkustund og lengri á skipulagsdögum. Deildarstjórafundir eru sjaldnar en reglulega með stjórnendum.

Símenntun fór fram í formi fyrirlestra og námskeiða sem oftast tengdist skipulagsdögum.

Haustönn 2023

13. október - Barnasáttmáli – handritsgerð, Gátlisti menntastefnu – læsi Emma Rafnsdóttir frá Miðju máls og læsis; Fyrirlestur og vinna við læsisstefnu Vinagerðis

24. nóvember - Heimsókn í leikskólann Lyngheima; Starfsáætlun og faglegt starf Börn af erlendum uppruna.

Vorönn 2024

2. janúar – Undirbúningur fyrir vorönn, starfsmannafundur og deildarvinna.

21. febrúar - Fræðsla frá UNICEF í réttindaleikskólaverkefninu. Laugasól, Vinagerði og Ungbarnaleikskólinn Bríetartúni; Barnasáttmálinn og réttindaskólar á leikskólastigi - innleiðing og fræðsla; verkefnavinna; umræður og næstu skref

19. apríl Deildarfundir og starfsmannakönnun UNICEF; Starfsmannafundur í sal og innra mat; Framhald á innra mati – starfsáætlun; Fyrirlestur – Jákvæð sálfræði – Ragnhildur Vigfúsdóttir

17. maí - Menntastefnumót – stafræn fræðsla um Leik, nám og gleði: Hlutverk fullorðinna í leik barna; Matur í leikskólum - Góð ráð og mögulegar hindranir; Kynning á sjálfræðisstefnu leikskólans Rjúpnahæð og kennsluaðferð í lýðræði; Krefjandi hegðun barna: samstarf milli kennara og



stuðningsfulltrúa. - Leikskólar í Norður voru með dagskrá í Vogaskóla þar sem skólarnir kynntu og sýndu þau fjölbreyttu verkefni sem verið er að vinna að alla daga.

Aðstoðarleikskólastjóri var í forystunáminu á vegum borgarinnar. Einn starfsmaður lauk leikskólaliðanum. Deildarstjórar fóru á námskeið á vegum SFS Stjórnendabjálfun – millistjórnendur á leikskóla. Auk þessa fór fólk á ýmis námskeið sem það valdi sér hjá ýmsum aðilum og á Torginu.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Fundur er haldin að hausti með Breiðagerðisskóla, Sólbúum og tveimur öðrum leikskólum, Jörfa og Garðaborg. Gerð var áætlun fyrir veturinn svipuð og áður og náðist að fylgja henni að öllu leiti. Bæði fóru nemendur frá okkur í nokkrar heimsóknir og eins komu nemendur úr 7. bekk til okkar og lásu fyrir börnin á degi íslenskrar tungu. Grein 12 í Barnasáttmálinum Virðing fyrir skoðunum barna er ein af aðalgreininum sem við höfum verið að vinna með. Elstu börnin voru með þá hugmynd að það væri gaman að fá að fara í fleiri heimsóknir í Breiðagerðisskóla. Við sendum þeim myndina með þessari ósk og vonum að þau taki vel í þessa ósk barnanna.

Skilafundir eru að vori þar sem deildarstjóri og leikskólastjóri hitta skólastjóra, umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópin. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLIÓM-2 prófum og útfyllt eyðublað „skil milli leikskóla og leik- og grunnskóla og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Breiðagerðisskóla hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu.





8 Foreldrasamvinna

Þáttökuaðlögun er í Vinagerði þar sem foreldrar eru fyrstu 3 dagana að lágmarki með börnum sínum í aðlögun. Þarna gefst gott tækifæri til að kynna foreldrum og þá að kynna starfsfólki og öðrum foreldrum. Nýir foreldrar fá kynningarbækling með helstu upplýsingum um skólastarfið og eyðublöð með upplýsingum til að fylla út fyrir sín börn. Aðlögunin gekk vel og foreldrar ánægðir.

Deildarkynningar eru haldnar fyrir hverja deild í september. Þar er farið yfir helstu áherslur á hverri deild fyrir sig og veittar hagnýtar upplýsingar. Barnasáttmálaverkefnið kynnt og hvíldarstefna Vinagerðis.

Vikulega eru sendir tölvupóstar á alla foreldra frá deildarstjórum með fréttum liðinnar viku, ljósmyndum og skráningum. Við notum forritið Sway og er mikil ánægja með þetta hjá foreldrum og um leið tengir þetta heimili og skóla. Með þessu höldum við þeim upplýstum auk þess sem gaman er fyrir starfsfólk að halda utan um starfið og sjá hvað mikið er gert í hverri viku.

Samskipti eru einnig á samfélagsmiðlum eins og Facebook síðu foreldra en engin persónugreinanleg gögn fara þar inn. Erum með Instagram síðu sem færir foreldrum og öðrum fréttir af starfinu og er passað upp á að ekki sjáist í andlit barnanna. Við erum komin með töluvert marga fylgjendur bæði hjá þeim sem tengjast skólanum og öðrum sem vilja fylgjast með starfinu. Foreldrasamtöl voru haldin tvisvar á öllum deildum að hausti og vori. Stutt spjall að hausti en ítarlegra samtala að vori. Við notum alltaf túlkþjónustu þar sem við á.

Foreldrum hefur verið boðið í aðventukaffi, feðrum og öfum á bóndadaginn í bóndagraut og mæðrum og ömmum daginn eftir konudaginn. Afar og ömmur hafa einnig fengið sinn dag. Þessar samkomur eru alltaf vel sóttar og allir hafa gaman af bæði börn og fullorðnir. Opið hús er haldið á degi leikskólans 6. febrúar og er alltaf vel mætt á þann viðburð.

Í foreldraráði sitja 3 fulltrúar. Góð samskipti eru við alla fulltrúa og hefur verið mikill stuðningur frá þeim.

Í foreldrafélaginu sitja 7 fulltrúar og var aðalfundur haldin í húsi í ár. Foreldrafélagið kom að jólaskemmtun, útskriftarferð og skipulögðu svo flotta sumarhátíð með okkur sem var haldin í byrjun júní. Foreldrar og aðrir ættingjar komu á sumarhátíðina og var mikil gleði með það þegar allir hittust og nutu dagsins í góðu veðri. Sveitaferð var farin í lok maí utan opnunar leikskólans og voru margir sem tóku þátt í henni.

Þökkum foreldrafélaginu fyrir frábært og metnaðarfullt starf í vetur.





9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2024-2025 verða 6 talsins eins og hér segir:

23. ágúst 2024

27. september 2024

22. nóvember 2024 (sameiginlegur í hverfi)

6. febrúar 2025 (sameiginlegur í hverfi)

24. mars 2025 (sameiginlegur í hverfi)

16. maí 2025

Leikskóladagatal 2024-2025





Samband íslenskra
svettarfélag

Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nafn leikskóla:

Vínagerði

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ
1. F	1. S Annar Vínagerða	1. Þ	1. F	1. S Frestisdagurinn	1. M Nýrsdagur	1. L	1. L	1. Þ	1. F Vörskuldagurinn	1. S Sýrnisdagurinn
2. F	2. M	2. M	2. L	2. M Vörður	2. F	2. S	2. S	2. M Mikilskjör eilíffertí Blár dagur	2. F	2. M
3. L	3. Þ	3. F	3. S	3. Þ	3. F	3. M	3. M	3. F	3. L	3. Þ
4. S	4. M Kynninng Dvalagerði	4. F	4. M	4. M	4. L	4. Þ	4. Þ	4. F	4. S	4. M
5. M	5. F Fridagur vesturarmanna	5. Þ Afgjafsdagur kennara	5. Þ	5. F	5. S	5. M Dagur hús	5. M Dvalagerði Furbúfaab	5. L	5. M Þróttavaka	5. F Barnmálfr Vínagerða
6. Þ	6. F	6. S	6. M	6. F Frestur dagur	6. M Frestidagurinn	6. F	6. F	6. S	6. Þ	6. F
7. M	7. L	7. M	7. F	7. L	7. Þ	7. F	7. F	7. M	7. M	7. L
8. F	8. S Lokadagurinn	8. Þ	8. F Barnskjöldur ögnir eivall	8. S	8. M	8. L	8. L	8. Þ	8. F	8. S Hvítarmundagur
9. F	9. M	9. M	9. L	9. M	9. F	9. S	9. S	9. M	9. F	9. M Annar Vínagerða
10. L	10. Þ	10. F	10. S Frestidagurinn	10. Þ	10. F	10. M	10. M	10. F	10. L	10. Þ
11. S	11. M	11. F	11. M	11. M	11. L	11. Þ	11. Þ	11. F Dagur dagur	11. S Mæðisdagurinn	11. M
12. M	12. F	12. L	12. Þ	12. F	12. S	12. M	12. M	12. L	12. M	12. F
13. Þ	13. F	13. S	13. M	13. F Lokabál	13. M	13. F	13. F	13. S Þrjúsumardagur	13. Þ	13. F
14. M	14. L	14. M	14. F	14. L	14. Þ	14. M	14. F Dagur starfræðinnar	14. M	14. M Útskriftardagur	14. L
15. F	15. S	15. Þ Frestisdagurinn	15. F Frestidagur	15. S	15. M	15. L	15. L	15. Þ	15. F	15. S
16. F	16. M Dagur íslenskrar rithöfundar	16. M Dagur íslenskrar tungu	16. L	16. M	16. F	16. S	16. S Barnmálfræðingurinn	16. M	16. F Stjúpuldagur	16. M Skólakennararfréttir
17. L	17. Þ	17. F Frestisdagurinn	17. S	17. Þ	17. F	17. M	17. M Frestisdagurinn	17. F	17. L	17. Þ Ljósmyndadagurinn
18. S	18. M	18. M	18. M	18. M Vasalósdagur	18. L	18. Þ	18. Þ Frestisdagurinn	18. F	18. S	18. M
19. M	19. F	19. L	19. Þ	19. F	19. S	19. M	19. M	19. L	19. M	19. F
20. Þ	20. F	20. S	20. M	20. F Dagur manntalinnar	20. M	20. F	20. F	20. S Þrjúsumardagur	20. Þ	20. F
21. M	21. L	21. M Frestisdagurinn	21. F	21. L Vetrarskólubúur	21. Þ	21. M	21. F Konungsráðgjafi	21. M	21. M Annar Vínagerða	21. L
22. S	22. S	22. Þ Frestisdagurinn	22. F	22. S	22. M	22. L	22. L	22. Þ	22. F	22. S
23. F	23. M	23. M	23. L	23. M Þorlákunna	23. F	23. S	23. S	23. M	23. F	23. M
24. L	24. Þ	24. F Vetrarskólubúur	24. S	24. Þ Afgjafsdagur jóla	24. F Börnisdagurinn	24. M	24. M Stjúpuldagurinn	24. F	24. L	24. Þ
25. S	25. M	25. F Vetrarskólubúur	25. M	25. M Lokadagur	25. L	25. Þ	25. Þ	25. F	25. S	25. M
26. M	26. F Frestidagurinn	26. L Fyrsti vetrardagur	26. Þ	26. F Annar jóla	26. S	26. M	26. M	26. L	26. M Vetrarskólubúur	26. F
27. Þ	27. F Stjúpuldagur	27. M Afgjafsdagur	27. M	27. F	27. M	27. F	27. F	27. S	27. Þ	27. F
28. M	28. L	28. M Vetrarskólubúur	28. F	28. L	28. Þ	28. F	28. F	28. M	28. M	28. L
29. F	29. S	29. M Nattífdagur	29. F	29. M	29. M	29. L	29. L	29. Þ	29. F Uppgjafsdagur	29. S
30. F	30. M	30. M	30. L	30. M	30. F	30. S	30. S	30. M	30. F	30. M
31. L		31. F Gamladagur	31. L	31. F	31. M	31. M	31. M	31. L	31. L	

Í reglu um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur eða fridagur nemenda í grunnskólum. Þeir skipulagsdagur eru merktir S. Leikskólalokadagur er merktur L. Leikskólalokadagur er merktur S. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð vörðandi leikskóla hvenær leikskólinn lokar.



10 Fylgiskjöl

10.1 Umsögn foreldraráðs





Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Fulltrúar í foreldraráði:

Ásta Kristín Knight Þorsteinsdóttir

Pórunn Sunnefa Elfarsdóttir

Tinna Óðinsdóttir

Foreldraráð hefur lesið yfir og hér með samþykkt starfsáætlun leikskólans Vinagerðis fyrir skólaárið 2024-2025.

Starfsáætlunin er aðgengileg og endurspeglar vel starfið í Vinagerði. Auk þess að vera plagg til notkunar og utanumhalds meðal stjórnenda og starfsfólks, veitir hún góða innsýn inn í starfið fyrir foreldra og forráðamenn.

Foreldrar taka eftir því að áherslur á Vinagerði eru ekki bara í orði heldur einnig á borði og ná til barnanna, einkum í starfi tengt lýðræði og réttindum barna. Þau vita að þau hafa ýmis réttindi, hafa rödd og geti beðið um að hlustað sé á sínar óskir og hugmyndir. Atriði eins og að börnin fái að velja sér leikstöðvar og hversu lengi þau dvelja í hverju viðfangsefni auka sjálfstæði og ákvarðanatöku barnanna. Sama á við um klæðaburð og salernisferðir, börnin læra að lesa líkamann og treysta sínu innsæi þar um.

Á Vinagerði er lág starfsmannavelta og samkvæmt könnunum er fólk ánægt í starfi og stolt af Vinagerði. Eins og það snýr við foreldrum virðist starfsandi á Vinagerði vera framúrskarandi góður. Flestir kennarar, sama á hvaða deild þekkja vel til barnanna og auðvelt að tala við þá alla.

Umbótaáætlanir eru góð vinnuþlög, jarðtengd og talin upp verkefni sem þarf að ganga í. Í síðustu starfsáætlun var á umbótaáætlun að deila betur ábyrgð á starfsfólk og fá alla til að taka þátt. Þetta er enn á umbótaáætlun, en það er eðlilegt þar sem það er almenn áskorun á vinnumarkaði að fá styrkleika starfsfólk til að njóta sín og að starfsfólk virki sem góð og samheldin heild. Milli ára sést samhengi í áherslum og þróun starfsins. Það er gleðilegt að sjá að markmiðum til umbóta hefur verið





náð, s.s. í sérkennslu. Jafnframt er eðlilegt að sjá að önnur markmið hafa ekki náðst en áfram er stefnt að þeim, s.s. að allar deildir hafi deildarsáttmála.

Helstu atriði sem foreldraráði þykir að mætti breyta eru að nota orðalagið marglitan mars og halda marglitan dag, í stað þess að vera með bláan dag eða dag einhverfunnar. Eins mega afa- og ömmukaffi gjarna vera fjölskyldukaffi, og aðrir fjölskyldumeðlimir komið til jafns við afa og ömmu. Þannig þætti börnunum sínir gestir og sín útgáfa af fjölskyldu jafngild annara. Tekið er fram í kaflanum um foreldrasamstarfi hvernig upplýsingaflæði er til foreldra, með vikupóstum og myndum á instagram aðgangi. Bæði er prýðilega gert og til fyrirmyndar. Mögulega mætti þó minnast á upplýsingaflæði innanhúss, milli kennara og deilda, í starfsáætlun.

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Ásta Kristín Knight Þorsteinsdóttir

Þórunn Sunnefa Elfarsdóttir

Tinna Óðinsdóttir

F. h. leikskólans Vinagerðis

14.06.2024

Harpa Ingvadóttir
Leikskólastjóri

Vessela Dukova
Aðstoðarleikskólastjóri



